

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á svæðisskipulaginu „Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu“.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 73/1997 með síðari breytingum hefur umhverfisráðherra þann 5. febrúar 1999 staðfest svæðisskipulagið „Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu“. Svæðisskipulagið hefur verið samþykkt af sveitarstjórnnum á svæðinu, þ.e. Reykjavík, Seltjarnarneskaupstað, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Mosfellsbæ og Bessastaðahreppi.

Greinargerð með vatnsverndinni hefur verið birt í Stjórnartíðindum sem samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar, nr. 636 frá 12. nóvember 1997.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og Skipulagsstofnun afgreitt erindið til staðfestingar.

Með staðfestingu þessari fellur úr gildi skipulagið „Höfuðborgarsvæðið – verndun vatnsbóla“ sem staðfest var af félagsmálaráðherra 28. febrúar 1969 og staðfest breyting á því frá 3. febrúar 1982.

*Umhverfisráðuneytinu, 5. febrúar 1999.*

**Guðmundur Bjarnason.**

---

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012, lóðir við Þjóðbraut.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. febrúar 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012 frá 2. júní 1995 með síðari breytingum.

Lóðum við Þjóðbraut austanverða, milli Innnesvegjar og Skógarhverfis, er breytt á þann veg, að í stað lóða fyrir opinbera þjónustu og iðnað er neðri hluti svæðisins nú skilgreindur sem þjónustustofnanasvæði/verslunar- og þjónustusvæði, en innri hluti svæðisins sem athafnasvæði/verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytinu, 5. febrúar 1999.*

**Guðmundur Bjarnason.**

---

*Ingimar Sigurðsson.*